

Fimmtudaginn 27. nóvember 1997.

Nr. 76/1997.

Þyrnirós ehf.

(Helgi Jóhannesson hrl.)

gegn

Ritfelli hf.

(Valgarður Sigurðsson hrl.)

Samningur. Umboð. Lögbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. febrúar 1997, og krefst hann þess, að viðurkennt verði með dómi, að stefnda hafi verið óheimilt að gefa út ritið Sjónvarpshandbókina-Bíla sem „viðsnúning“ aftan á 13. tölublað 4. árgangs Sjónvarpshandbókarinnar. Þá krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að þola staðfestingu lögbanns, sem sýslumaðurinn í Reykjavík lagði 26. júlí 1996 við ofangreindri útgáfu. Að lokum krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst sýknu af þeirri kröfu áfrýjanda, að viðurkennt verði með dómi, að stefnda hafi verið óheimil framangreind útgáfa. Hann krefst þess og, að synjað verði kröfu áfrýjanda um staðfestingu lögbanns, sem lagt var á útgáfuna, og krefst hann þess, að lögbannið verði fellt úr gildi. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Fram kemur í gögnum málsins, að 16. febrúar 1995 keypti stefndi nafn og útgáfurétt að ritinu Sjónvarpshandbókinni af Sjónvarpshandbókinni hf., sem áfrýjandi leiðir rétt sinn frá. Nafn og útgáfuréttur ásamt nánar tilgreindum munum skyldi þó vera eign seljanda í þrjú ár frá undirskrift samnings. Samhliða þessum kaupsamningi var gerður samningur milli stefnda og Póstdreifingar ehf., þar sem það félag tók að sér að dreifa umræddu blaði, en eigendur þess voru hinir sömu og eigendur áfrýjanda.

Eftir því sem ráðið verður af gögnum málsins, munu aðilar þess hafa hvor í sínu lagi undirbúið útgáfu bílablaðs vorið 1996. Af hálfu

áfrýjanda var um að ræða blað, sem gefa átti út í stóru upplagi, og bauð hann auglýsingar endurgjaldslaust í fyrsta tölublaðið í því skyni að markaðssetja blaðið. Stefndi hugðist hins vegar gefa út sams konar blað í minna upplagi til kynningar. Áfrýjandi mótmælti ráðagerðum stefnda og taldi þær rýra þann útgáfurétt, sem hann ætti samkvæmt fyrrnefndum kaupsamningi. Eftir nokkrar viðræður var gert samkomulag 2. júlí 1996, sem aðilar máls þessa áttu hlut að auk Póstdreifingar ehf. Fyrir hönd stefnda undirritaði samkomulagið Friðgeir Guðjónsson, framkvæmdastjóri hans og prókúruhafi, en fyrir hönd áfrýjanda og Póstdreifingar ehf. framkvæmdastjóri beggja félaganna, Jón Jarl Þorgrímsson. Samkomulag þetta var í tveimur megingreinum. Í fyrri grein var kveðið á um, að aftan á 12. tölublað 4. árgangs Sjónvarpshandbókarinnar yrði hnýtt blaði, er nefndist Bílablaðið (viðsnúningur), þannig, að í stað baksíðu Sjónvarpshandbókarinnar kæmi forsíða hins fyrrnefnda. Skyldi áfrýjandi vera útgefandi, en í samvinnu við stefnda. Áfrýjandi átti að afhenda stefnda 13 síður með auglýsingum og greiða honum tiltekna fjárhæð fyrir prentunina, jafnframt því sem áfrýjandi skyldi greiða Póstdreifingu ehf. fyrir dreifingu á Bílablaðinu.

Með síðari grein samkomulagsins var að því stefnt, að aðilar þess gerðu með sér samning, sem undirritaður yrði ekki síðar en 10. júlí 1996, um viðtækara samstarf. Í lok greinarinnar sagði, að næðust „ekki samningar um ofangreint í síðasta lagi 10. júlí nk., mun Ritfell hf. skuldbinda sig til að gefa ekki út blað sambærilegt Bílablaðinu, þ. m. t. viðsnúning eins og Bílablaðið, til 10. september 1996“.

Hinn 24. júlí 1996 rituðu tveir stjórnarmenn stefnda áfrýjanda og Póstdreifingu ehf. bréf, þar sem meðal annars var lýst yfir því, að stjórn stefnda teldi félagið ekki vera skuldbundið af fyrrgreindu samkomulagi utan því, sem orðið væri. Samkomulagið hafi ekki verið gert með samþykki eða vitund stjórnar félagsins og framkvæmdastjóri þess ekki haft heimild til að skuldbinda félagið með þessum hætti, enda væri það í andstöðu við samþykktir þess. Samkvæmt frásögn áfrýjanda barst honum næsta dag í hendur óinnbundið eintak af Sjónvarpshandbókinni. Aftan á blaðinu hafi verið „viðsnúningur“, sambærilegur Bílablaðinu, en nafn hans hafi verið Sjónvarpshandbókin-Bílar og bar að auki undirfyrirsögnina Bílasíður Sjónvarpshandbókarinnar. Var næsta dag, 26. júlí 1996, krafist

lögbanns af hálfu áfrýjanda við útgáfu þessari, sem lagt var á sama dag.

II.

Áfrýjandi byggir kröfur sínar á fyrrgreindu samkomulagi frá 2. júlí 1996, þar sem stefndi hafi meðal annars skuldbundið sig til að gefa ekki út fram til 10. september 1996 sambærilegt blað við Bíla-blaðið. Telur hann, að fyrirhuguð útgáfa rits stefnda í lok júlí 1996 hefði brotið gegn samkomulaginu. Eins og fyrr greinir, er því haldið fram af hálfu stefnda, að samkomulagið sé ekki skuldbindandi fyrir hann, þar sem framkvæmdastjórinn hafi ekki haft umboð sem slíkur eða heimild sem prókúruhafi til að samþykkja útgáfubann gegn bílasíðum Sjónvarpshandbókarinnar, sem stjórn félagsins hefði ákveðið og gefið honum fyrirmæli um. Ráðstöfun þessi hafi verið óvenjuleg og mikils háttar og ekki hluti af daglegum rekstri félagsins, sbr. 2. mgr. 68. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 og 18. gr. samþykktu félagsins.

Fyrir liggur í málinu, að frá samkomulagi þessu var gengið í starfsstöð stefnda. Þar var staddur Davíð Jónsson, stjórnarformaður stefnda, auk tveggja fulltrúa áfrýjanda og Póstdreifingar ehf. og framkvæmdastjóra stefnda. Fram hefur komið, að Davíð hlutaðist til um ákveðin atriði, sem fyrri hluti samkomulagsins laut að. Fulltrúar áfrýjanda á fundinum hafa borið, að hann hafi lesið samninginn og tekið þátt í samningsgerðinni. Fyrir dómi kvaðst Davíð hafa séð samkomulagið, en ekki hafa gefið sér tíma til að lesa það. Hann hafi ekki veitt athygli ákvæðinu um útgáfubann. Hann hafi verið í tímaþröng, þar sem blaðið hafi verið að fara í prentun daginn eftir, og hafi hann þurft að sinna þeim málum. Hins vegar kvaðst hann hafa orðið áskynja um ofangreint ákvæði í samkomulaginu næsta dag eða næstu daga eftir undirritun þess.

Samkvæmt framansögðu er ljóst, að stjórnarformaður stefnda var að minnsta kosti að einhverju leyti viðstaddur, er unnið var að samkomulagi aðila 2. júlí 1996. Gera verður ráð fyrir því samkvæmt framburði hans sjálfs, að hann hafi mjög fljótlega eftir undirritun orðið áskynja um efni þess. Hins vegar var ekkert aðhafst gagnvart áfrýjanda í þessum efnum fyrr en u. þ. b. þremur vikum síðar, er að

því var komið að gefa umrætt blað út. Hlaut stefnda þó að vera ljóst, að áfrýjandi teldi samkomulagið í gildi. Eins og atvikum öllum er háttað samkvæmt framansögðu, verður ekki á það fallist, að stefndi geti borið það fyrir sig, að samkomulagið sé ekki skuldbindandi fyrir hann, hvað sem leið formlegri heimild framkvæmdastjórans, þegar það var gert. Hin fyrirhugaða útgáfa stefnda braut gegn samkomulaginu, enda tók útgáfubannið samkvæmt orðalagi þess til rits í þessu formi. Eru því skilyrði til að taka til greina kröfu áfrýjanda um viðurkenningu á því, að stefnda hafi verið óheimil umrædd útgáfa í júlí 1996.

III.

Krafa áfrýjanda um staðfestingu lögbanns er einkum á því reist, að hann hafi átt lögvarinna hagsmuna að gæta, þar sem útgáfubannið hafi verið sett til að vernda réttindi hans sem útgefanda Bíla-blaðsins, og að hin fyrirhugaða útgáfa stefnda hefði skaðað það markaðsstarf, sem hann hafði unnið.

Enda þótt áfrýjandi hafi sýnt fram á, að útgáfa stefnda greint sinn hefði brotið gegn samkomulagi þeirra frá 2. júlí 1996, bar honum einnig til að fá lögbann lagt á að gera sennilegt, að við útgáfuna færu réttindi hans forgörðum eða hann yrði fyrir teljandi spjöllum, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu og lögbann. Samningur málsaðila um útgáfubann náði til skamms tíma. Hefur áfrýjandi engum gögnum stutt, að hann hafi lagt í stofnkostnað til að standa að frekari útgáfu Bíla-blaðs en orðið var með 12. tölublaði Sjónvarpshandbókarinnar, og engar vísbendingar eru um, að hann hafi sjálfur undirbúið slíka útgáfu innan umsaminna tímamarka, er hann fékk lagt lögbann við útgáfu Bíla-blaðs stefnda. Í ljósi þessa verður fallist á með stefnda, að aðstæður í lok júlí 1996 hafi verið með þeim hætti, að stórfelldur munur hafi verið á hagsmunum stefnda af því að fá að gefa út blað sitt í samanburði við hagsmuni áfrýjanda af því að hindra það, enda bauð stefndi fram tryggingu fyrir tjóni, sem útgáfa hans kynni hugsanlega að baka áfrýjanda, sbr. 2. tl. 3. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990.

Að þessu athuguðu þykja ekki skilyrði til að verða við kröfu áfrýjanda um staðfestingu lögbannsins, og verður það því fellt úr gildi.

IV.

Samkvæmt framangreindum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir, en við ákvörðun hans er höfð hliðsjón af þeirri niðurstöðu, að stefndi braut gegn samkomulagi aðila 2. júlí 1996.

D ó m s o r ð:

Viðurkennt er, að stefnda, Ritfelli hf., var óheimilt að gefa út Sjóðvarpshandbókina-Bíla sem hluta af 13. tölublaði 4. árgangs Sjóðvarpshandbókarinnar.

Fellt er úr gildi lögbann sýslumannsins í Reykjavík 26. júlí 1996 við ofangreindri útgáfu stefnda.

Áfrýjandi, Þyrnirós ehf., greiði stefnda 150.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 13. febrúar 1997.

1. Mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 12. ágúst 1996, og dómtekið 30. fyrri mánaðar.

Stefnandi er Þyrnirós ehf., kt. 540993-2389, Brautarholti 16, Reykjavík.

Stefndi er Ritfell hf., kt. 590187-1199, Síðumúla 10, Reykjavík.

Réttargæslustefndi er Friðgeir Guðjónsson, kt. 111061-5649, Hjallabraut 17, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkennt verði með dómi, að stefnda hafi verið óheimilt að gefa út Sjóðvarpshandbókina-Bíla sem „viðsnúning“ aftan á 13. tbl. 4. árg. Sjóðvarpshandbókarinnar og að stefndi verði dæmdur til að þola staðfestingu lögbanns sýslumannsins í Reykjavík frá 26. júlí 1996. Það var lagt við því, að „... Ritfell hf. gefi út blaðið Sjóðvarpshandbókina-Bíla, sem er viðsnúningur aftan á Sjóðvarpshandbókinni. Með útgáfu er átt við alla vinnslu, prentun, bókband og dreifingu viðsnúningsins. Með viðsnúningnum Sjóðvarpshandbókinni-Bílum er átt við þær síður, sem koma í stað baksíðu Sjóðvarpshandbókarinnar, hafa sjálfstæða forsíðu og snúa á hvolfi miðað við forsíðu Sjóðvarpshandbókarinnar. Átt er við forsíðu viðsnúningsins og fimm næstu síður. Lögbannið nær til viðsnúnings aftan á 13. tbl. Sjóðvarpshandbókarinnar.“ Þá er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda lögmanskostnað vegna lögbannsgerðarinnar og málskostnað vegna máls þessa.

Stefndi krefst sýknu af viðurkenningarkröfu stefnanda og að synjað verði kröfu hans um staðfestingu lögbanns jafnframt því, að lögbannið verði fellt

úr gildi. Þá er krafist málskostnaðar. Í þinghaldi 16. janúar sl. var af hálfu stefnda fallið frá bótakröfu, sem hann hafði haft uppi.

2. Stefnandi kveður forsögu málsins vera á þá leið, að 16. febrúar 1995 hafi verið gerður kaupsamningur á milli stefnanda og stefnda um kaup á útgáfurétti og nafni blaðsins Sjóðvarpshandbókarinnar. Stefnandi hafi áskilið sér eignarrétt að útgáfuréttinum í þrjú ár frá dagsetningu kaupsamnings. Vorið 1996 ákvað stefnandi að hefja útgáfu á blaðinu Stóra bílablaðinu. Keypti stefnandi til þess tölvubúnað og húsgögn fyrir um eina milljón króna. Til að markaðssetja blaðið bauð stefnandi ókeypiss auglýsingar í fyrsta tölublað og ætlaði því að bera allan kostnað af blaðinu sjálfur. Skömmu síðar barst honum til eyrna, að stefndi væri einnig að huga að útgáfu á slíku blaði og þá sem viðsnúningi aftan á Sjóðvarpshandbókinni, þ. e. að í stað baksíðu Sjóðvarpshandbókarinnar kæmi blað, sem hefði sjálfstæða forsíðu og sneri á hvolfi miðað við forsíðu Sjóðvarpshandbókarinnar. Stefnandi mótmælti útgáfunni og taldi það rýra útgáfuréttinn, sem stefnandi átti enn. Stefnandi tók athugasemdir stefnanda til greina, og var gert samkomulag, dags. 2. júlí 1996, um samvinnu um blaðið Bílablaðið, sem yrði viðsnúningur aftan á Sjóðvarpshandbókinni. Samþykkti stefndi, að stefnandi teldist útgefandi og að gengið yrði til samninga um frekara samstarf á þessu sviði. Jafnframt var samþykkt, að ef samkomulag næðist ekki fyrir 10. júlí, myndi stefndi ekki gefa út „blað sambærilegt Bílablaðinu, þ. m. t. viðsnúning eins og Bílablaðið, til 10. september 1996“. Ákvæði þetta var af hálfu stefnanda sett til að vernda rétt stefnanda sem útgefanda Bílablaðsins vegna þess kostnaðar, sem hann hafði lagt út í vegna útgáfunnar. Telja má, að sá kostnaður sé um ein og hálf milljón króna. Ekki náðist samkomulag fyrir 10. júlí, og ákvað stefnandi í samráði við stefnda að fresta útgáfu á Bílablaðinu til 24. ágúst til þess að freista þess að ná samkomulagi við stefnda. Stefnandi lýsti síðan yfir, að hann hefði ekki áhuga á samstarfi um bílablað og ætlaði sér ekki að standa í slíkri útgáfu.

25. júlí 1996 kveður stefnandi sér hafa borist í hendur óbókbundið eintak af ritinu Sjóðvarpshandbókinni. Aftan á blaðinu var viðsnúningur sambærilegur Bílablaðinu með auglýsingum um bílatengt efni. Viðsnúningurinn bar heitið Sjóðvarpshandbókin-Bílar með undirtitilinn Bílasíður Sjóðvarpshandbókarinnar. Af útliti viðsnúningsins megi sjá, að verið sé að líkja eftir útliti Bílablaðsins, og nefna megi, að letur það, sem notað sé í haus blaðsins og víða annars staðar, sé hið sama og stefnandi notaði í Bílablaðinu.

Að lokum greinir frá því í stefnu, að krafist hafi verið lögbanns, sem um ræðir í málinu, að morgni 26. júlí 1996. Lögbannskrafan hafi þegar verið tekin fyrir og tekin til greina af hálfu fulltrúa sýslumanns gegn 800.000 króna tryggingu.

Stefnandi reisir kröfur sínar um viðurkenningu á tímabundnu útgáfubanni og staðfestingu lögbanns á samkomulagi aðila frá 2. júlí 1995, þar sem stefndi hafi skuldbundið sig til að fara ekki í útgáfu á blaði sambærilegu Bílablaðinu, þ. m. t. viðsnúningi eins og Bílablaðinu, til 10. september 1996. Telur stefnandi, að með útgáfu á því blaði, sem hann lét prenta sem viðsnúning aftan á 13. tbl. 4. árg. Sjónvarpshandbókarinnar, hafi stefndi brotið ofangreint samkomulag. Stefnandi telur sig hafa lögvarinna hagsmuna að gæta, þar sem útgáfubannið hafi verið sett til að vernda réttindi sín sem útgefanda Bílablaðsins, og að útgáfa viðsnúningsins Sjónvarpshandbókarinnar-Bíla hefði skaðað það markaðsstarf, sem hann hefur lagt út í. Ekki hafi verið hægt að biða dóms um útgáfubann stefnda.

3. Málavaxtalýsing stefnda í meginatriðum.

Eftir páska 1996 hóf stefndi að kynna væntanlegt bílablað sitt, m. a. með dreifingu frumeintaka. Ætlunin var, að það yrði ekki eins og önnur blöð fyrirtækisins í 60.000 eintökum og dreift á vegum Póstdreifingar ehf., heldur yrði það í minna upplagi og dreift frítt í fyrstu, en síðar yrði reynt að ná samningum við Póstdreifingu ehf. um dreifingu þess.

Í maí komu Arnór Vikar Arnórsson og Jón Jarl Þorgrímsson, eigendur og rekstraraðilar stefnanda og Póstdreifingar ehf., að máli við fyrirsvarsmenn stefnda og lögðu hart að þeim, að blaðið yrði gefið út í stærra upplagi og samið við Póstdreifingu ehf. um dreifingu þess. Hótuðu þeir að láta stefnanda að öðrum kosti gefa út bílablað til dreifingar í 60.000 eintökum. Ákveðið var af þessum sökum af hálfu stefnda, að í stað þess að gefa út sjálfstætt blað yrði bílaauglýsingum safnað saman á einn stað, sem yrðu tengdar Sjónvarpshandbókinni með viðsnúningi og kallaðar Bílasíður Sjónvarpshandbókarinnar.

27. júní 1996 barst stefnda bréf frá stefnanda þess efnis, að áðurnefndar bílasíður væru brot á hugverkarétti, sem stefnandi taldi sig eiga á efni blaðsins, og myndi viðskiptavild blaðsins rýrna við þessar breytingar; var hótad að stöðva útgáfu bílasíðnanna. Samtímis barst stefnda bréf frá Póstdreifingu ehf. vegna sama máls, og var það undirritað af Jóni Jarli Þorgrímssyni eins og hið fyrra. Þar var stefnda tjáð, að ef þeir bættu bílasíðum við Sjónvarpshandbókina, yrði litið á það sem nýtt og sjálfstætt blað og krafist greiðslu fyrir dreifingu þess sem slíks. Með bréfum, dags. 1. júlí, var framangreindum kröfum andmælt. Stefndi taldi sig hafa fullan rétt til að skipta við hvaða auglýsendur, sem væri, enda engar takmarkanir að því leyti í kaupsamningi aðila, og var jafnframt vísað til gildandi dreifingarsamnings, þar sem skýrt er kveðið á um, hvað beri að greiða fyrir dreifingu Sjónvarpshandbókarinnar.

Í byrjun júní var kynningarstarf stefnda á væntanlegum bílasíðum í fullum gangi, en stuttu síðar fór að bera á örðugleikum, vegna þess að starfsmenn stefnanda höfðu samband við sömu aðilana og buðu ókeypis auglýsingar í Stóra bílablaðið, sem stefnandi setti til höfuðs bílasíðum stefnda. Þessu tvennu hafi verið ruglað saman, enda hafi komið í ljós, að uppsetning á forsíðu fyrirhugaðs blaðs stefnanda var nákvæm eftirlíking af blöðum stefnda. Þegar „stefnandi“ gerði sér grein fyrir, að hann gæti ekki gefið út blað, sem hann hafði gefið allar auglýsingar í, kom hann að máli við „stefnda“ og óskaði eftir því, að stefndi birti þær auglýsingar, sem stefnandi hafði gefið, á bílasíðum Sjónvarpshandbókarinnar gegn greiðslu til stefnda. Þetta samþykkti framkvæmdastjóri stefnda, þar sem hann taldi hag félagsins best borgið með slíku samkomulagi. Í fyrsta lagi kæmu þá ekki út tvö blöð, sem kepptu á sama markaði, og í öðru lagi fengjast fleiri auglýsingar í bílasíður Sjónvarpshandbókarinnar. Að kvöldi 2. júlí var hafist handa hjá stefnda við að vinna úr þeim gögnum, sem stefnandi kom með. Vegna tímasparnaðar var ákveðið að notast við forsíðu frá honum, enda uppsetningin nákvæm eftirlíking af blöðum stefnda, en orðið „Stóra“ felld niður úr nafninu. Stefnandi hafði sett ritstjórnardálk neðst á bls. 12, þar sem skýrt var frá, að hann væri útgefandi. Þessu var breytt með vitund og samþykki stefnanda, þannig að í stað ritstjórnardálksins var settur eftirfarandi texti: „Þetta bílablað er samvinnuverkefni Pýrnirósar ehf. og Ritfells hf. Blaðið er gefið út í þeirri von, að menn hafi bæði gagn og gaman af.“

Þegar stjórn stefnda varð kunnugt um samkomulag það, sem gert var 2. júlí, var samþykkt á stjórnarfundi að senda stefnanda bréf. Þar lýsti stjórnin sig óskuldbundna af samkomulaginu, þar sem það væri í andstöðu við vilja hennar og ekki gert með hennar samþykki eða vitund, og hefði framkvæmdastjórinn, með skírskotun til samþykktu félagsins, ekki haft heimild til að skuldbinda félagið þannig. Hélt stefndi markaðsstarfi sínu áfram, og stóð aldrei til af hálfu stjórnar félagsins að eiga neitt samstarf við stefnanda um sameiginlega útgáfu, enda snerist málið aldrei um það, heldur í hve stóru upplagi blað stefnda ætti að vera og hver ætti að dreifa því. Hinn 26. júlí, þegar komið var að útgáfu 13. tbl. 4. árg. Sjónvarpshandbókarinnar og prentun nærri lokið, barst stefnda tilkynning um, að lögbannsbeiðni hefði verið lögð fram hjá sýslumanninum í Reykjavík, sem úrskurðaði sama dag, að lögbannið skyldi ná fram að ganga.

Stefndi styður sýknukröfu sína m. a. því, að samkomulag, sem undirritað var af framkvæmdastjórum aðila 2. júlí sl., sé ekki skuldbindandi fyrir stefnda. Framkvæmdastjóri stefnda hafi farið gegn ákvörðun stjórnar um, að bílasíður skyldu gefnar út, og hafði honum verið falið að annast það

verkefni. Ráðstöfunin hafi verið óvenjuleg og mikils háttar og ekki hluti af daglegum rekstri félagsins, sbr. 2. mgr. 68. gr. laga nr. 2/1995, sbr. einnig 25. gr. laga nr. 42/1903 og 18. gr. samþykktar fyrir hið stefnda félag.

Stefnandi vissi eða mátti vita um þennan heimildarskort, en hugðist hins vegar nýta sér og dreifingarfyrirtækinu Póstdreifingu ehf. í eigu sömu aðila þessa hugmynd stefnda sér til framdráttar. Tilgangur stefnanda með lögbanni var því ekki að koma í veg fyrir tjón á útgáfu sinni, heldur að koma í veg fyrir, að stefndi kæmi hugmyndum sínum í framkvæmd, án þess að ósanngjarnar og óeðlilegar kröfur stefnanda næðu fram að ganga, enda hefur hann sjálfur ekki gefið út eitt einasta blað, frá því að lögbannið var sett á. Að þessu virtu ber að víkja þeim hluta samkomulagsins frá 2. júlí, þar sem getið er um, hver sé útgefandi, og um útgáfubann til hliðar á grundvelli 33. gr. og 36. gr. laga nr. 7/1936, sbr. 2. tl. 1. mgr. 77. gr. laga nr. 2/1995.

Stefnandi reisir sýknukröfu sína jafnframt á því, að Sjónvarpshandbókin-Bílar hafi ekki verið sérstakt blað, heldur auglýsingar af ákveðinni tegund, safnað saman á einn stað. Skipti ekki máli, þó að auglýsingarnar hafi birst í viðsnúningi, þar sem ekki var um sérstakt blað að ræða og ekki merkt sem sérstakt tölublað. Sjónvarpshandbókin-Bílar fellur því ekki undir „samkomulagið“ frá 2. júlí 1996.

Varðandi kröfu um synjun á staðfestingu lögbanns telur stefndi, að skilyrði 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 fyrir því, að lögbann mætti ná fram að ganga, hafi alls ekki verið til að dreifa, þar sem stefnandi eigi ekki lögvarða kröfu á hendur stefnda, sbr. fyrri rökstuðning. Jafnvel þótt svo yrði talið vera, hafi lögbannið engu að síður verið ólöglegt, þar sem gerðarbeiðandi verði einnig að sanna, að réttindi hans myndu hafa tapast eða orðið fyrir teljandi spjöllum, hefði hann verið knúinn til að fara hefðbundna dómstólaleið. Jafnframt beri að synja um staðfestingu lögbanns, þar sem skilyrði 3. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 hafi ekki verið fullnægt. Í 1. tl. sé kveðið á um, að lögbann verði ekki lagt við athöfn, verði talið, að skaðabætur fyrir röskun hagsmuna gerðarbeiðanda tryggi þá nægjanlega. Í þessu máli hafi það verið vafalaust, að hefði stefnandi orðið fyrir einhverju tjóni, væri eðli þess slíkt, að unnt væri að bæta það með skaðabótum. Jafnframt hafi skilyrði 2. tl. ekki komið til greina, þar sem stórfelldur munur hafi verið á hagsmunum stefnda á því, að athöfn færi fram, og hagsmunum stefnanda af því að hindra hana. Kröfu stefnda við lögbannsgerðina um, að lögbann næði ekki fram að ganga, með vísan til síðastgreinds ákvæðis hafi verið hafnað af sýslumanni, þrátt fyrir það að stefndi byði fram tryggingu.

4. Sömu eigendur eru að stefnanda og Póstdreifingu ehf., sem hefur annast dreifingu á Sjónvarpshandbókinni, er stefndi hefur gefið út.

Um mánaðamót júní – júlí 1996 var stefnandi að vinna að útgáfu Stóra bílablaðsins, sem hefði að meginefni að geyma bílaauglýsingar og átti að koma út 5. – 6. júlí. Hafði stefnandi gefið auglýsingar í þetta fyrsta tölublað. Á sama tíma var af hálfu stefnda stefnt að útgáfu Sjónvarpshandbókarinnar, sem yrði í þeirri mynd, að aftast yrðu bílasíður með bílaauglýsingum, sem sneru öfugt miðað við annað efni Sjónvarpshandbókarinnar, þ. e. svo-nefndur „viðsnúningur“. Samkomulag varð 2. júlí 1996 um samstarf, sem fól í sér, að stefnandi féll frá fyrirætlun sinni um útgáfu umrædds heftis, og voru auglýsingar frá honum birtar í viðsnúningi 12. tbl. 4. árg. Sjónvarpshandbókarinnar, sem bar heitið Bílablaðið, 1. tbl. 1. árg. 1996; í stað baksíðu Sjónvarpshandbókarinnar kom forsíða Bílablaðsins. Greiddi stefnandi stefnda 215.313 krónur án vsk. fyrir prentun á þrettán auglýsingasíðum.

Skriflegt samkomulag um framangreint, dags. 2. júlí 1996, var undirritað af Jóni Jarli Þorgrímssyni f. h. stefnanda og Póstdreifingar ehf. og af Friðgeiri Guðjónssyni, framkvæmdastjóra stefnda, fyrir hans hönd. Þar segir enn fremur: „Aðilar stefna að því að gera samning, sem verði undirritaður ekki síðar en 10. júlí nk., um viðtækara samstarf og um breytingu og framlengingu á núverandi dreifingarsamningi Póstdreifingar ehf. og Ritfells hf., þannig að Ritfell hf. gefi út blað til dreifingar hjá Póstdreifingu ehf. sem næst vikulega. Þá hyggjast aðilar ganga til samninga um að færa dreifingartíma frá helgum, þannig, að dreifing geti farið fram á miðvikudögum og fimmtudögum. Náist ekki samningar um ofangreint í síðasta lagi 10. júlí nk., mun Ritfell hf. skuldbinda sig til að gefa ekki út blað sambærilegt Bílablaðinu, þ. m. t. viðsnúning eins og Bílablaðið, til 10. september 1996.“

Pótt stjórnarformaður stefnda, Davíð Jónsson, væri nærstaddur gerð samkomulagsins, er ekki í ljós leitt gegn andmælum hans, að honum hafi verið kunnugt um ákvæði, sem lýtur að útgáfubanni fyrr en síðar. Fyrir hönd stefnda sendu Davíð Jónsson og Axel Steindórsson Jóni Jarli Þorgrímssyni, fyrir hönd stefnanda og Póstdreifingar ehf. bréf, dags. 24. júlí 1996, og barst það viðtakanda daginn eftir. Þar segir: „... telur stjórn Ritfells hf. félagið vera óskuldbundið af „samkomulagi“, sem gert var 2. júlí 1996 af framkvæmdastjórum félaganna, utan því, sem orðið er, þ. e. að gefa út Bílablaðið í viðsnúningi. „„Samkomulag“ þetta var ekki gert með samþykki eða vitund stjórnar, og hafði framkvæmdastjóri félagsins ekki heimild til að skuldbinda félagið með þessum hætti, enda er það í andstöðu við samþykktir þess.“ Lagði stefnandi fram lögbannsbeiðni, þegar prentun 13. tbl. 4. árg. Sjónvarpshandbókarinnar ásamt bílaauglýsingasíðum í viðsnúningi með fyrirsögninni Sjónvarpshandbókin-Bílar, en án tölublaðsauðkenningar, var nærri lokið.

Í fyrsta kafla dómsins greinir frá efni lögbannsins, sem á var lagt 26. júlí 1996. Við fyrirtöku lögbannsbeiðninnar voru höfð uppi mótmæli af hálfu gerðarþola, stefnda í máli þessu, sem meðal annars hnigu að því, að gerðarbeiðandi, stefnandi máls þessa, hefði ekki sýnt fram á, að réttindi hans færu forgörðum, þannig, að hann gæti ekki beðið dóms um málið, þar sem engin útgáfa væri í gangi af hans hálfu og engar auglýsingar verið seldar. Einnig kemur fram af endurriti gerðarinnar, að gerðarþoli hafi óskað eftir, að gerðinni yrði afstýrt með tryggingu, með vísun til 3. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990, en fulltrúi sýslumanns hafnaði því að fram komnum mótmælum gerðarbeiðanda.

Fallist er á, að útgáfa Sjónvarpshandbókarinnar með „viðsnúningnum“ Sjónvarpshandbókinni-Bílum, sem lagt var lögbann við, hefði brotið gegn fyrrgreindu samkomulagi, enda var hann sambærilegur Bílablaðinu, sem til er vitnað í samkomulagi aðila, að allri uppsetningu.

Samkvæmt 18. gr. samþykktar fyrir hið stefnda félag hefur framkvæmdastjóri með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum, sem varða venjulegan rekstur. Er þetta í samræmi við ákvæði 2. mgr. 68. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, sem kveður nánar á um verk- og valdsvið framkvæmdastjóra. Þar segir m. a., að „hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenjulegar eða mikils háttar“. Samkomulagið fól í sér slíkar hömlur á fyrirhugaðri starfsemi stefnda, að því er varðar sölu auglýsinga á veigamiklu sviði viðskipta, að ekki verður talið, að framkvæmdastjóri stefnda, réttargæslustefndi Friðgeir Guðjónsson, hafi haft stöðuumboð til að binda stefnda á þann hátt. Forsvarsmanni stefnanda og Póstdreifingar ehf. var skýrt frá heimildarskorti framkvæmdastjórans, áður en lögbannsbeiðni var lögð fyrir sýslumann.

Upplýst er, að stefnandi var ekki að vinna að útgáfu bílaauglýsingablaðs, er lögbannið var lagt á, og hefur ekki gefið slíkt blað út síðan. Þeim skilyrðum lögbanns samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990, að lögvarin réttindi stefnanda myndu fara forgörðum eða verða fyrir teljandi spjöllum, yrði hann knúinn til að bíða dóms um þau, var ekki fullnægt.

Samkvæmt þessu er stefndi sýknaður af kröfum stefnanda. Dæma ber stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst alls 280.000 krónur.

Mál þetta dæmir Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ritfell hf., er sýknaður af kröfum stefnanda, Þyrnirósar ehf.

Stefnandi greiði stefnda 280.000 krónur í málskostnað.